

REGLUGERÐ

um dómsmálagjöld o. fl.

**I. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs,
nr. 79 23. desember 1975, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978.**

1. gr.

Dómsmálagjöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

A.	Fyrir héraðsdómi:	Kr.
1.	Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu	40,00
2.	Gjald fyrir þingfestingu	300,00
3.	Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	60,00
4.	Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	100,00
5.	Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	100,00
6.	Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	80,00
7.	Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar	360,00
8.	Gjald fyrir sjóferðarpróf	725,00
B.	Fyrir Hæstarétti:	
1.	Gjald fyrir útgáfu stefnu	60,00
2.	Gjald fyrir þingfestingu	480,00
3.	Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	100,00
4.	Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	125,00
5.	Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	125,00
6.	Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	100,00
7.	Útivistargjald	480,00

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

3. gr.

Fyrir fógetagerðir, aðrar en þær, sem um ræðir í 2. gr. aukatekjulaga, skal greiða sem hér segir:

	Kr.
1. Kyrrsetning á manni	360,00
Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjald fyrir það vera eftir 2. gr. aukatekjulaga:	
2. Útburður manns af jörð eða húsi	360,00
3. Innsetning á jörð eða í hús til umráða	360,00
4. Aðrar fógetagerðir, er fara fram á það, er eigi verður metið til peninga-verðs	360,00
Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir grein þessari, sé kyrrsetning manns með henni niður felld.	

4. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 125,00 kr.

5. gr.

Fyrir uppboðsgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda 125,00 kr.
2. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 11. gr. aukatekjulaga, en sala fer eigi fram við uppboð, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 360,00 kr. fyrir árangurslaust uppboð.
3. Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulið. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búíð er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 360,00 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.
4. Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 250,00 kr.
5. Fyrir undirboðsþing skal greiða 250,00 kr.

6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða 110,00 kr. Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða 150,00 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottám lögræðissviptingar.

7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

	Kr.
1. Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir	125,00
2. Notarialvottorð á arfleiðsluskrá	190,00
3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga	125,00
4. Dráttur í happdrætti	480,00
5. Úrdráttur skuldabréfa	250,00

II. Gjöld samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968.

8. gr.

Fyrir próf ökumanna skal greiða sem hér segir:

	Kr.
1. Almennt bifreiðastjórapróf	400,00
2. Próf í akstri bifhjóla	300,00
3. Próf í akstri léttra bifhjóla	100,00
4. Próf í akstri dráttarvéla	200,00
5. Ökukennarapróf	1 500,00

9. gr.

Fyrir skírteini skal greiða sem hér segir:

	Kr.
1. Leyfi til að stýra léttu bifhjóli	100,00
2. Leyfi til að stýra dráttarvél	100,00
3. Löggilding ökukennara	300,00

Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

10. gr.

Fyrir leyfi til að selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannflutninga án ökumanns skal greiða 1 200,00 kr.

11. gr.

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmarkis ber að greiða 1 800,00 kr. á ári. Nú leyfir lögreglustjóri notkun bráðabirgðaskráningarmarkis í styttri tíma og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu 125,00 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi er hann hefur bráðabirgðaskráningarmarki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

**III. Gjöld samkvæmt lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda,
nr. 46 13.mai 1977.**

12. gr.

Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sem hér segir:

	Kr.
1. Fyrir hvert skotvopn, sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað	250,00
2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna	125,00
3. Fyrir afnotaleyfi samkvæmt 19. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 16 1978, sbr. reglugerð nr. 174 1979	80,00

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi samkvæmt 3. málsg. 8. gr. reglugerðar nr. 16 1978.

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 802 28. desember 1983 um dómsmálagjöld o. fl.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Sauðárkróks.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. nóvember 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Sauðárkróks.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Sauðárkróks og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.